

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað nr. 68/1988.

1. gr.

Nýr 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo: Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán Lánasjóðs sveitarfélaga. Greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert, en heimilt er þó skv. ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma að hafa skuldabréfin með mánaðarlegu gjalddögum.

Reglugerð þessi sem samin er af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. ágúst 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

28. ágúst 1997

Nr. 517

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.480 frá 1. september 1997 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. ágúst 1997.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Tryggvi Axelsson.

26. ágúst 1997

Nr. 518

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. september 1997:

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 295 23. maí 1995 með áorðnum breytingum.

Gjaldskráin hækkar um 5,21% frá og með 1. september 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.